

Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Jól og áramót
- Basar

Næsti Pési kemur út 16. jan 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í síðasta lagi

10 janúar.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Jólastemning	5
Upplstur	8
Kjöt frá Koti	13
Atvinna	14
Leikskólafréttir	16

# Pési



**Desember 2011**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - [svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 255. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími. 480 6600

## *JÓLA OG ÁRAMÓTAKVEÐJA*

*Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumarhúsa-  
eigendum og öllum við-  
skiptavinum nær og fjær,  
hugheilar jóla og nýárs-  
kveðjur með þakklæti fyrir  
árið sem er að líða*

*Hreppsnefnd Hrunamanna-  
hrepps, sveitarstjóri og starfs-  
fólk hreppsskrifstofu.*





Þeir Karl Gunnlaugsson og Jóhannes Sigmundsson komust á nífræðisaldur þann 17 og 18 nóv sl. Þeir eru miklir bridds áhugamenn, auk þess sem þeir stunda golf hvenær sem færi gefst. Ljós:SigSigm



Í kaffihorninu í Versluninni Strax , koma menn gjarnan saman og ræða heimsmálin. Hér eru þeir Ásgeir, Helgi, Hjalli og Víðir í þungum þónkum yfir ástandinu Ljós:SigSigm

## Sveitarstjórapistill

Nú er jólamánuður genginn í garð eða öðru nafni desember. Eins og staðan er núna þá hafa veðurguðirnir ákveðið að desember eigi að líta út eins og eitt allsherjar jólakort. Spurning er hvort það þurfi að senda út jólakort þetta árið eða bara benda fólki á að horfa út um gluggann hjá sér og taka góðan tíma í það. Eins skrytið og það hljómar þá finnst manni orðið langt síðan það kom snjór sem tollir meira en sólarhring eða svo á aðventunni. Að því slepptu þá er þetta skemmtilegur tími fyrir bæði ungar og eldri sálir. Það er gaman að sjá hvernig jólaljósinn lýsa upp skammdegið og það birtir í kringum okkur. Vil ég hvetja einstaklinga og fyrirtæki að gera eftir efnum og ástæðum jólalegt hjá sér. Það gefur sveitinni skemmtilegt yfirbragð að lýsa upp jólin, bæði til að gleðja rafmagnssala og stuðla að „upplýstu“ samfélagi. Það má væntanlega einnig gera þá samlíkingu að þá eigi einnig að birta inn í okkar sál í leiðinni og hjálpi okkur að finna hinn eina sanna jólaanda. Við verðum hins vegar að hafa í huga að aðstæður hjá fólki eru misjafnar við að höndla jólagleðina og við megum ekki gleyma okkar minnstu bræðrum. Þetta er einmitt tíminn sem við eigum að hjálpast að og rétta hvort öðru hjálparhönd. Hún þarf ekki alltaf að vera stór eða mikil en það er mikil speki sem fellst í orðunum að sælla sé að gefa en þiggja. Ég er reyndar ekki alveg viss að öll börnin okkar séu tilbúin að skrifa upp á þetta en það er okkar fullorðna fólksins að benda á samhengi hlutana og það snúist ekki allt um veraldlega hluti. Það eru jú börnin okkar sem eiga að erfa heiminn og þann heim sköpum við sjálf. Reyndar er gaman að sjá hvað unga fólk okkar stendur sig vel, hvort sem það er á sviði tónlistar, íþróttar eða bara sem skapandi og skemmtilegir einstaklingar. Þar má sem dæmi nefna að félagsmiðstöðin Zero fór með sigur af hólmi í Stíl, hönnunarkeppni félagsmiðstöðva á vegum Samfés og ung stúlka í Flúðaskóla, Sunneva Sól, varð í öðru sæti í hönnunarkeppni grunnskóla. Þó það sé nú aðalatriðið að vera með þá breytir það ekki þeirri staðreynd að þessi niðurstaða gerir okkur stolta af þeim einstaklingum og stofnunum sem að þessu standa. Nú fara flest verkefni sveitarfélagsins sem ráðist hefur verið í á þessu ári að klárast. Það er gleðilegt að geta fyrir jól tekið í notkun endurnýjaða íbúð í Heimalandi að Vesturbrún 12 fyrir eldri borgara. Þetta er liður í þeirri viðleitni okkar að reyna eftir efnum og ástæðum að halda fasteignum sveitarfélagsins vel við þannig að þær nýtist vel. Þeirri vinnu er hvergi nærri lokið og vonandi getum við haldið áfram á þessari vegferð á nýju ári. Það eru fleiri breytingar sem gengið hafa í garð en núna er búið að samþykkja og auglýsa að hámarkshraði í íbúðargötum í þéttbýlinu á Flúðum sé 30 km/klst. og hafa þessar reglur tekið gildi. Bið ég fólk að virða þau hraðatakmark en síðan á eftir að gera átak í að koma upp viðeigandi skiltum. Það skiptir nefnilega miklu máli að halda niðri hraða því það eru margir litlir fætur á ferðinni í skammdeginu þessa dagana. Að lokum skal þess getið að það hafa orðið breytingar á starfsmannaliði hreppsins. Mummi húsvörður og allt mögulegt maður lætur formlega af störfum núna um áramótin vegna aldurs og hefur verið ráðinn nýr starfsmaður í hans starf sem hefur þegar hafið störf. Hann heitir Pétur Axel og vil ég bjóða hann velkominn til starfa og jafnframt þakka Mumma okkar fyrir einstakt og framúrskarandi starf í þágu sveitarfélagsins í árunna rás. Hver veit nema við njótum krafta hans aðeins áfram í ákveðnum verkefnum. Fyrir hönd sveitarstjórnar vil ég síðan þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir einkar góð störf á árinu og óska öllum íbúum og velunnurum Hrunamannahrepps gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hátíðarkveðjur

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

*Verktaki fyrir Eimskip og Samskip*

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju  
Starfsfólk Flúðaleiðar

---

## Staðsetning rotþróa

Vakin er athygli á að vegna fyrirhugaðrar hreinsunar rotþróa í sveitarfélaginu á næsta ári, eru starfsmenn Hrunamannahrepps á ferðinni um sveitina að staðsetja rotþrær við íbúðar- og sumarhús. Vinsamlegast greiðið götu þeirra svo sem kostur er

Starfsfólk Hrunamannahrepps

---

## FLUGELDASALA

**Flugeldasala Björgunarfélagsins Eyvindar verður sem hér segir, í húsi félagsins,**

**29. des frá kl. 17:00 – 22:00**

**30. des frá kl. 17:00 – 22:00**

**31. des frá kl. 10:00 – 16:00**




**Einnig verður salan opin 5. og 6. janúar 2012.**

Árlega hafa fyrirtæki og einstaklingar gert það að verkum að hægt hefur verið að setja upp stórkostlega flugeldasýningu hér í sveit.

Stefnt er að því að halda þessa árlegu flugeldasýningu laugardaginn 7. janúar, ef veður leyfir.

Hvetjum alla til að styrkja hana svo hún verði sem flottust.

Með ármótakveðju Björgunarfélagið Eyvindur



## Jólasterming í Sneiðinni

Laugardaginn 10. desember verður sannkölluð jólasterming í Sneiðinni á Flúðum.

Í húsi björgunarfélagsins Eyvindar verður, frá kl 13:00 til 20:00:

-Hin árlega jólatrjáasala björgunarfélagsins þar sem allar helstu tegundir eru í boði.

-Jólamarkaður með miklu úrvali og mörg söluborð.

Heitt súkkulaði og piparkökur verða í boði.

Grænna Land verður með opið hjá sér þar er hægt að kaupa allt í jólakransinn og skreytingarnar.

Ásbúðin verður með opið og heitt á könnunni

Kjötvinnslan í Langholtskoti verður með opið og er 15 % jólatilboð af allri vöru, auk þess að Gauti Kokkur verðu með dýrindis jólagraflax, sósur, nautasoð og tómatajukk.

Komið og gerið góð kaup, hjá okkur getur þú keypt jólatréið, jólamatinn, jólaskrautið og jólapakkana um leið og þú átt notarlega jólasternd.

Ath jólatrésalan er einnig opin á sunnudeginum frá 14:00 til 17:00.

# Saltsteinar - Steinefni - Bætiefni



## Saltsteinn Natur

### Innihaldi:

Salt	100,0%
Dei af Natrium	38,5%

Fyrir: Nautgripi, hross,  
sauðfé

10 kg.



## Saltsteinn Plus

Saltsteinn með:  
Sink, Mangan, Joð,  
Kobalt og seleni

Fyrir: Nautgripi, hross,  
sauðfé

10 kg.

## Uniblock Steinefnablokk



10 kg.

Selenrik stein- og  
bætiefnablokk sem hentar  
sérlega vel fyrir sauðfé en  
einnig fyrir nautgripi og hesta

## Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Selenrik stein- og bætiefnafata  
sem hentar sérlega vel fyrir  
sauðfé en einnig fyrir nautgripi  
og hesta

## Steinefnafata- Mineraleimar Plus



25 kg.

Steinefnafata sem hentar  
fyrir nautgripi og hross.  
Inniheldur kopar og hentar  
ekki fyrir sauðfé

# Hestamúslí - Hestakögglar



## Besterly Herbic hestamúslí



Besterly Herbic hestamúslí er mjög  
lystug blanda af úrvals korni,  
grænmetisolium ásamt ýmsum  
vitáminum og jurtum. Besterly Herbic  
hestamúslí er bragðgott, eykur  
heilbrigði og bætir meltinguna. Með  
góðu gróffóðri er gott að gefa hestum  
í þjálfun 1 – 2 kg. af Besterly Herbic  
hestamúslí á dag.  
Besterly Herbic hestamúslí  
er í 15 kg. þokum



## Besterly Vitalic hestakögglar



Besterly Vitalic hestakögglar eru með háu steinefna  
og vítámin innihaldi. Besterly Vitalic er einkum  
ætlað sem viðbótarfóður með góðu gróffóðri fyrir  
hesta í þjálfun.  
Ef gefið er ½ - 1 kg. af Besterly Vitalic daglega  
ásamt góðu gróffóðri fær hesturinn öll næringarefni  
sem hann þarf.  
Besterly Vitalic hestakögglar eru í 25 kg. þokum.



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 6600

# ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR  
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR  
OG ALLT ÞAR Á MILLI.



ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR  
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA  
11-14 LAUGARDAGA.

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.  
Sumar opnunartími hreppsskrifstofu  
Mánudaga til fimmtudaga:  
09:00-12:00 og 13:00-16:00  
Föstudaga: 09:00-12:30*



## Hár-Hrun

Klippa í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantíð tíma  
í síma: 486-5535 og **899-9665**.  
Inga Birna.

## **Sundlaugin á Flúðum.**

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00



**Sundlaugin er lokuð: 23-26 des og 31 des –2 janúar 2012**

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

## Upplestur á jólaföstu



Opið hús verður í Félagsheimilinu miðvikudaginn 14. desember kl. 13:30.

### Allir velkomnir



Halla Guðmundsdóttir í Ásum hefur leiðbeint nokkrum af eldri kynslóðinni með upplestur og tekið saman það efni sem flutt verður.

---

### Kaffisamsæti á nýju ári

Búnaðarfélagin í Uppsveitum Árnassýslu, ásamt hópi velunnara hafa ákveðið að halda Gunnlaugi Skúlasyni dýralækni

heiðurssamsæti í tilefni starfsloka hans,

föstudaginn 13. janúar 2012 á Hótel Geysi kl. 20:00.

Allir velkomnir. Nánar auglýst síðar.

---

### Frá launafulltrúa!!!!!!

### ÁRÍÐANDI TILKYNNING

**Hlutaðeigandi eru minntir á að skila inn skýrslum um nefndalaun og önnur ógreidd laun vegna ársins 2011 í síðasta lagi 20. desember nk.**

---

### Opnunartími skrifstofu Hrunamannahrepps um hátíðarnar.

23. desember opið frá kl. 9.00 til 12.00

27. desember 10:00-12:00 og 13:00-16:00

28 til 30 desember hefðbundin opnunartími


Starfsfólk hreppsskrifstofunnar óskar samstarfsfólki, hreppsbum og öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs.





## Eldri Hrunamenn!!

Eins og undafarin ár bjóða Hótel Flúðir eldri Hrunamönnum (60 ára+)- í aðventukaffi , þriðjudaginn 13. des kl. 15:30  
Verið velkomin... Allir í jólaskapi:)  
Starfsfólk Hótel Flúða



## Grænna land ehf.

Jólaskreytingar, greni,silkifura,buxus.  
Greinar í ýmsum litum, kransar,  
krossar, ábinding á ljósakrossa,  
Grenilengjur,skreyttar leiðisgreinar,  
Hýasintur, hýasintuskreytingar,  
Furu-  
vendir,dyrakransar,aðventukransar  
Kíkið við í skemmuni

Sneiðinni 5.



*Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufraeðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)*

## Körfuboltafréttir UMFH



Það er mikill uppgangur í körfuboltanum hjá okkur í vetur. Um 110 börn og ungl-  
ingar æfa körfubolta og er ánægjulegt hversu vinsæl íþróttin er.

Tveimur umferðum er lokið í Íslandsmóti og hafa liðin staðið sig vel.

Í A-riðli keppa nú 7.flokkur stúlkna, 8.flokkur stúlkna, 10.flokkur stúlkna UMFH/  
Hamar og minnibolti drengja. Í B-riðli spilar minni bolti stúlkna og 11.flokk  
drengja, lið FSU og Hrunamanna. 10.flokkur drengja spilar í C-riðli en þeir stóðu  
sig vel um helgina og unnu Snæfell í bikarleik og eru komnir í 16 liða úrslit í  
Bikarnum. Í E-riðli spilar 8.flokkur drengja. Sannarlega frábær árangur í öllum  
flokkum.

Bloggsíðan okkar er mikið notuð, <http://umfh.bloggar.is/> þar eru skiplagðar  
keppnisferðir, þjálfarar setja inn fréttir af gengi liðanna auk annarra fréttu. Við  
hvetjum fólk til að skoða síðuna og fylgjast með krökkunum okkar þar.

Firmakeppni verður haldin öðru hvoru megin við áramótin og verður hún auglýst  
nánar síðar.

Jólakveðjur, stjórnin



# FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnassýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



**Sími 893 1462**

8 farpega bíll



**Fjallaraaf**

sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

*Jóla­kveðja frá Hótel Flúðum*

*Óskum viðskiptavinum okkar og sveitungum,  
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

*Pökkum viðskiptin á árinu sem er að líða  
Starfsfólk Hótel­s Flúða*



Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275



**Húasmíðar**

**Innréttingar**

**Vélaleiga**

**Gröfur o.fl.**

## Frá Bókasafni Hrunamanna



Nú fara jólabækurnar smátt og smátt að berast á bókasafnið. Eins og undanfarin ár eru nýjustu bækurnar á skammtímaláni, það er á **14 daga láni**. Ekki verður hægt að panta bækur sem merktar eru skammtímaláni. Flestir gera sér ljóst að margir hafa áhuga á að lesa nýju bækurnar eru því fljótir að skila þeim. Því er um að gera að kíkja við á bókasafninu og athuga hvað bíður nýtt og spennandi í hillunum. Lánstími eldri bóka og tímarita er 4 vikur.

### Opnunartími:

**Mánudaga** Kl. 20-21

**Þriðjudaga** Kl. 16-18

**Miðvikudaga** Kl. 16-18

**Fimmtudaga** Kl. 16-18

Verið velkomin J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

## FUNDUR

Fimmtudaginn 8.des kl.20 Kaffi Kletti  
Kynningarfundur uppsveitadeildar  
Smára – Loga – Trausta  
Fullorðins- barna og unglíngadeild.  
Lagt verður fyrir fundinn breytingar á reglum  
dagsetningar móta og dregið í lið.  
Nefndin

### Frá sóknarnefnd Hrunakirkju

Ef einhver vandamál koma upp með lýsingu á leiðiskrossum í Hrunakirkjugarði hafið þá samband við Unnstein í Langholtskoti í síma 8943333.



### HÚSALEIGUBÆTUR

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur. Hægt er að lesa lög in í heild á [velferdarraduneyti.is](http://velferdarraduneyti.is)

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 13.janúar 2012.

Sveitarstjóri

#### Opnunartími:

10-11 desember: 15:00-20:00

Getum opnað fyrir hópa á öðrum tímum.

Lágmark 9-10 manns.

Upplýsingar og borðpantanir

eru í síma 846 9798



### VIOLA snyrtistofa

#### Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra  
ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata  
1-3



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**


Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-  
fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl.  
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir  
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



## Kjötvinnslan í Langholtskoti


**laugardaginn 10.desember verður 15% jóla tilboð  
af öllum vörum**



Í kjötvinnslunni er hægt að kaupa gæða nautakjöt t.d. hakk, gúllas, hamborgara, grafið kjöt, jóla og áramótasteikina. Einnig er til hrossakjöt og hrossabjúgu.

Gauti kokkur selur í kjötvinnslunni dýrindis nautasoð og sósu sem unnin er úr nautabeininum og jólagrafinn lax. Einnig tómatajukk sem unnið er úr íslenskum tómötum.

**Komið við og gerið góð kaup á hreinni gæða vöru.**



**Aðra daga er kjötvinnslan opin eftir samkomulagi,  
upplýsingar í síma 8944933.**

# Umsjón fjallaskála á Hrunamannafrétti

Auglýst er eftir áhugasömum aðila til að taka að sér umsjón og rekstur fjallaskálanna á Hrunamannafrétti. Í því felst að sjá um útleigu húsanna, markaðssetningu, viðhald og rekstur auk heysölu og fær viðkomandi þær tekjur, sem inn koma. Útleigutími húsanna er frá 1. júní til 1. september. Umsóknarfrestur er til 15. janúar nk og skal umsóknum skilað á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Allar nánari upplýsingar er að fá hjá sveitarstjóra í síma 480-6600, netfang: [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is)

**Síðasta sorpferð á árinu er frá 20. des til 22. des.**

**Minnt er á gámana.**

**Munið að ganga vel um gámasvæðið og lesa merkingar á gámunum.**

**ATH!!**

**Engin sorphirða er á milli jóla og nýárs.**


**Jóla og áramótakveðja**

**Tómas Þórir Jónsson**



## HIN HLIÐIN Á KIRKJUKÓRNUM.

Þann 22. des næstkomandi ætlar Kirkjukór Hruna og Hrepphólasókna að bjóða upp á tónleika í Hrunakirkju, undir heitinu „Vetrarsólstöðutónleikar“. Flutt verða í bland jólalög, fallegustu sálmarnir og enn fallegri dægurlög. Tónleikarnir hefjast kl 20:30



og ATH enginn aðgangseyrir.

Nánar auglýst síðar.

Stjórn kirkjukórsins og organistinn.

Sauðfjárþændur.

Ullargámur verður við skemmuna hjá okkur að

Smiðjustíg 10 á Flúðum

Gott er að hringja á undan sér því gámurinn fer í tæmingu og

þá er enginn gámur á meðan.

Flúðaleið flutningar ehf





*Okkar bestu óskir um  
Gleðilega jólahátíð og heillaríkt komandi ár.  
Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.  
Vélaverkstæðið Klakkur*



### Frá Útlaganum

*Sendum viðskiptavinum og sveitungum  
hugheilar jóla og nýárskveðjur.  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða*



# Flúðaleið

Sendum viðskiptavinum og Sunnlendingum  
öllum óskir um gleðileg jól og farsæld  
á komandi ári.

## Starfsfólk Flúðaleiðar

Er með miðlungsstórt snookerborð til sölu (183 x 90 cm). Borðið er mjög vandað, vel með farið og lítið notað. Með borðinu fylgja 2 kjuðar, kúlur og krít. Þetta er tilvalin jólagjöf :)

Verð: 45.000 kr

Er einnig með sterkt, vel með farið skrifborð sem inniheldur þrjár skúffur til sölu (144 x 80 cm).

Verð: 10.000 kr

Áhugasamir hafi samband í síma: 8697573 eða 4866777.

## Leikskólafréttir

Undirbúningur jólanna er hafinn í leikskólanum, Séra Eiríkur hefur heimsótt okkur reglulega og frætt okkur um Jesú og kennt okkur mörg skemmtileg lög. Börnin hafa verið að vinna að jólagjöf fyrir mömmu og pabba og er mikið leyndarmál þar í gangi. Mánudaginn 5. des. bauð foreldrafélag leikskólans börnunum í leikskólanum og foreldrafélag Flúðaskóla yngsta stigi uppá leiksýningu, sýningin kom frá Möguleikhúsinu og heitir Prumpuhóllinn, leikritið var mjög skemmtilegt og skemmtu flest allir sér mjög vel, einstaka kríli varð þó hrætt og þurfti að komast í fang. Á adventunni eru börnin að búa til jólaskraut, baka piparkökur og svo förum við í okkar árlegu heimsókn í Heimaland þriðjudaginn næstkomandi. Jólaballið okkar verður svo 20. des. og mun Undrabandið sjá um undirleik. Kveðja Halldóra, Inga, Elín og Hanna Sigga.



Á Skógarkoti hefur verið líf og fjör síðasta mánuðinn, við erum mjög ánægð með allan snjóinn og höfum nýtt hann vel í útikennslu, sleðaferðir, snjókalla-gerð og einn daginn datt okkur í hug að mála í snjóinn eins og sést á myndinni. 11.nóvember var þjóðhátíðardagur Póllands og fengum við tvær mömmur, Izabelu og Moniku, til að koma í heimsókn og segja okkur frá Póllandi og sýna okkur myndir. Jólagjafagerð hefur verið gegnum gangandi í hópastarfinu og er gjöfin að sjálfsgöðu algjört hernaðarleyndarmál og hafa börnin verið mjög spennt fyrir þessari vinnu. Um leið og adventan byrjaði förum við að fönðra alls konar jólaskraut og erum dugleg að leyfa skrautinu að njóta sín innan leikskólans. Sameiginlegu stundirnar okkar fóru á fullt 1.desember og er alltaf ákveðinn spenningur fyrir þeim, þá hittumst við inni á Móakoti, syngjum saman, opnum pakka í pakkadagatalinu og hlustum á adventusögu um andarunga sem heitir Engilráð. 5.desember bauð Foreldrafélag Undralands okkur upp á leiksýninguna Prumpuhóllinn á vegum Möguleikhússins. Okkur fannst hún mjög skemmtileg og hafa verið fjörugar umræður um prump og fleira skemmtilegt eftir þá sýningu. 6.desember bökudum við svo piparkökur með 1.bekk og nokkrir foreldrar komu og hjálpuðu til við baksturinn, allir fengu svo piparkökur í poka með sér heim. Þessa dagana erum við svo að æfa helgileikinn fyrir jólaballið okkar, búið er að skipa í hlutverk, finna búninga og svo reynum við að æfa okkur eitthvað á hverjum degi. Börnin fá misstór hlutverk, svona eins og þau treysta sér til. Við erum mjög dugleg að hlusta á jólatónlist og hafa notalegt andrúmsloft hjá okkur og munum halda því áfram út desember. Framundan er heimsókn í Heimaland þann 13.desember og svo jólaballið okkar þann 20.desember.

Þó lakveðjur Freyja, Jónína og Valdís.



Það er alltaf nóg að gera hjá okkur á Heiðarkoti. Í október var fagnaðarfundur hjá okkur á Heiðarkoti. Við lékum leikritið um Úlfinn og kiðlingana 7 við mikinn fögnuð áhorfenda.

Ömmu og afa dagur var hjá okkur í október. Börnin gerðu boðskort fyrir ömmu og afa og teiknuðu myndir af ömmum sínum og öfum. Það er ýmislegt sem ömmur og afar gera. Ömmur eru heima, baka kökur og borða kex. Afar laga bíla, keyra, eru heima og borða nammi og kex.

Í október fórum við líka á bókasafnið að heimsækja Áslaugu. Við fengum að skoða bækur og Áslaug las fyrir okkur sögu. Það er alltaf jafn gaman að fá að koma í heimsókn á bókasafnið.

Í nóvember var þjóðhátíðardagur Póllands. Izabela og Monika komu í heim-sókn á Skógarkoti og sögðu okkur frá Póllandi.

Í byrjun desember var þjóðhátíðardagur Rúmeníu. Alina kom og sýndi okkur bók með myndum frá Rúmeníu og söng fyrir okkur á rúmensku.

Við erum á fullu að undirbúa jóla leyndó fyrir mömmu og pabba. Gera jóla-skraut til að skreyta deildina okkar og bökum piparkökur.

Kveðja Heiða, Móa og Ragna.

Hóhóhó...

Það hefur verið mikið að gera á Móakoti undanfarinn mánuð! Í nóvember vorum við að kanna tilfinningar og fötin okkar. Það var ákaflega skemmtileg vinna í kringum það. Máláðar voru myndir, hengdar upp myndir sem lýstu tilfinningum og ýmsum svipbrigðum og svo vorum við að reyna að fara sjálf í föt sem við vorum með inni á Litla-Koti. Þar voru ýmsar tilfæringar og buxur öðluðust nýtt hlutverk sem húfur og peysurnar urðu að buxum. Einnig var tíminn nýttur í að búa til leikmuni fyrir Fagnaðarfundinn. Við bjuggum til bíla úr mjólkurfernum og dekk úr keflum og kóngulær úr pípuhreinsum og tágakörfum. Þá hefur tíminn einnig verið nýttur í að búa til jólagjafir fyrir mömmu og pabba. Í nóvember var einnig mikill undirbúningur fyrir Fagnaðarfund sem haldinn var 24 nóvember. Þá buðum við foreldrum og öðrum aðstandendum í heimsókn til okkar ásamt börnunum á leikskólanum og sungum fyrir þau

Í byrjun nóvember fórum við á bókasafnið og lærðum allt um það hvað fer fram á þeim. Presturinn hefur verið að kíkja í heimsókn til okkar á föstudögum og segir okkur sögur og syngur með okkur. Þá koma alltaf allir á leikskólanum saman á Móakoti. Það er rosalega gaman að fá alla í heimsókn. Ný stelpa byrjaði á Móakoti í byrjun nóvember. Við erum því orðin átta talsins auk Erlu og Öddu Siggú á Móakoti og oft kátt í höllinni. Desember verður svo fullur af jólaföndri, jólapökkum, samverustundum, heimsókn á Heimaland þar sem við munum syngja jólalög fyrir eldri borgara og margt fleira spennandi!!

Endilega fylgist með okkur á <http://blogg.undraland.is/moakot/>

Jólakveðjur Erla og Adda Siggú

# Samkaup strax



## Opnunartími í desember .

Fimmtudagur	22. desember	10:00-18:00
Þorláksmessa	23. desember	10:00-18:00
Aðfangadagur	24. desember	10:00-13:00
<b>Jóladagur og annar í jólum</b>		<b>LOKAÐ</b>
Þriðjudagur	27. desember	10:00-18:00
Miðvikudagur	28. desember	10:00-18:00
Fimmtudagur	29. desember	09:00-19:00
Föstudagur	30. desember	09:00-19:00
31. desember	Gamlársdagur	10:00-13:00
<b>Nýársdagur 01.01.2012</b>		<b>LOKAÐ</b>
Mánudagur	02.01.2012	10:00-18:00

## JÓLAPÓSTKASSINN ER Á SÍNUM STAÐ

Frímerki eru seld í búðinni

Munið helgartilboðin

Bækur á tilboðsverði

**Þökkum viðskiptin á árinu**

**sem er að líða**

Jólakveðjur

Starfsfólk Samkaupa Strax

á Flúðum.

GLEÐILEG JÓL





Agnes við afgreiðslu  
í Versluninni Strax  
Ljós:SigSigm



“Maður getur alltaf á sig  
blómum bætt”!  
Ljós:SigSigm

